



Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Ársreikningur 2017

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
Kennitala: 580407-1100
Borgartún 30
105 Reykjavík

Efnisyfirlit


Bls.

Lykiltölur	2
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	7
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	10
Efnahagsreikningur	11
Eiginfjáryfirlit	12
Sjóðstreymisyfirlit	13
Skýringar	14-36
Viðauki - Óendurskoðuð stjórnarháttayfirlýsing	37-42


Lykiltölur Lánasjóðs sveitarfélaga

Heildaraðfoma


Rekstrartekjur (m.kr.)



Hagnaður ársins (m.kr.)




Kostnaðarhlutfall (%)




Efnahagsreikningur


Eigið fé (m.kr.)




Eiginfjárhlutfall (%)




Meðalvextir á verðtr. lánveitingum ársins (%)



Heildareignir (m.kr.)



Lán til viðskiptavina - eftir landshlutum (%)



Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánaþyrftæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálaþyrftæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og þyrftækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin eru til viðskipta í kauphöll og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Afkoma, efnahagur og rekstur á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 777,2 milljónum króna samanborið við 983,1 milljónir króna árið 2016. Hagnaður ársins er færður á meðal eigin fjár. Stjórn Lánasjóðsins leggur til að þann 6. apríl 2018 verði greiddur 388 milljón króna arður til hluthafa vegna afkomu ársins 2017. Á síðasta ári var greiddur 491 milljónir króna arður vegna afkomu 2016.

Eigið fé Lánasjóðsins nam 17.459 milljónum króna samanborið við 17.172 milljónum króna í árslok 2016 og hefur hækkað um 1,7% milli ára. Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálaþyrftæki er 97% en var 85% í árslok 2016. Nánar má sjá útreikninga á eiginfjárlutfalli sjóðsins í skýringu 24.

Markmið með stýringu á eigin fé er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að vega á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri. Eiginfjárgrunnur sjóðsins samanstendur eingöngu af hlutafé, lögbundnum varasjóði og óráðstöfuðu eigin fé. Lágmarks eigið fé samkvæmt 84. gr. laga um fjármálaþyrftæki nr. 161/2002 er 8% af áhættuvegnum eignum. Lánasjóðurinn reiknar og birtir eiginfjárlutfall sitt í samræmi við lög um fjármálaþyrftæki.

Í júlí 2015 tóku gildi breytingar á lögum um fjármálaþyrftæki nr. 161/2002 sem innleiddi ákvæði um eiginfjárlauka, sem eru verndunarlauki, sveiflujöfnunarlauki, eiginfjárlauki vegna kerfisáhættu, eiginfjárlauki á kerfislega mikilvæg fjármálaþyrftæki á alþjóðavísu og eiginfjárlauki á önnur kerfisleg mikilvæg fjármálaþyrftæki. Fjármálaþyrftækjum er ætlað að nota viðeigandi eiginfjárlauka til að bæta eiginfjárstöðu sína til viðbótar við lágmarks eigið fé og vera betur í stakk búin til að takast á við áföll í rekstri eða sveiflur í hagkerfinu. Samkvæmt þessum breytingum á lögum um fjármálaþyrftæki ber Lánasjóðnum að binda 3,75% eigið fé til viðbótar við 8% lágmarks eiginfjárlutfall frá 1. nóvember 2017. Viðbótin skiptist í 2,5% verndunarlauka annars vegar og 1,25% sveiflujöfnunarlauka hins vegar.

Heildareignir sjóðsins í lok ársins voru 85.707 milljónir króna samanborið við 78.024 milljónir króna í árslok 2016. Útlán sjóðsins námu 73.566 milljónum króna í árslok samanborið við 71.175 milljónir í árslok 2016. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að útvega sveitarfélögum lánsfé á hagstæðum kjörum. Á árinu veitti sjóðurinn 9.539 milljónir í ný útlán samanborið við 6.596 milljónir árið áður.

Lánasjóðurinn fjármagnar lánveitingar sínar með útgáfu skuldabréfaflokka sinna LSS24, LSS34 og LSS55 og hefur á fyrri árum gefið út fleiri flokka skuldabréfa. Á árinu 2017 fóru fram skuldabréfaútboð á innlendum skuldabréfamarkaði í þeim tilgangi að afla fjár til að endurlána sveitarfélögum. Haldin voru samtals 11 útboð í skuldabréfaflokkum sjóðsins á árinu og var heildarsöluvirði þeirra útboða 12 milljarðar króna í flokkum LSS34 og LSS55. Til samanburðar voru á árinu 2016 haldin 10 útboð og var heildarsöluvirði þeirra útboða 6,1 milljarða króna. Heildar útgefið nafnverð í skuldabréfaflokki LSS34 var 30,3 milljarðar króna í árslok 2017 og 7,8 milljarðar króna í flokki LSS55. Ekki var gefið út í flokki LSS24 á árinu en heildarstærð LSS24 í árslok er 32,6 milljarðar króna.

Lánasjóðurinn fjármagnar sig einnig í erlendra mynt hjá aðilum líkt og Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) og Norræna fjárfestingabankanum (NIB). Lánasjóðurinn og CEB skrifuðu undir lánasamning að fjárhæð 10 milljónir evrur á liðnu ári og dró Lánasjóðurinn á samninginn að fjárhæð 5 milljón evrur til fjármögnunar á tilteknu verkefni.

Árið 2015 samdi sjóðurinn við þyrftækið REITUN um gerð lánshæfismats á skuldabréfum sjóðsins. REITUN birti skýrslu 25. júní 2015 þar sem skuldabréfum sjóðsins var gefið iAAA sem er hæsta möguleg einkunn. Síðan þá hefur það mat verið uppfært án breytinga, síðast í maí 2017.

Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrftæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið neina ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Engin dómsmál eru útistandandi gegn Lánasjóðnum. Sjá nánari upplýsingar í skýringu 4.

Lánasjóður sveitarfélaga er undanþeginn greiðslu tekjuskatts skv. lögum nr. 90/2003. Einnig er Lánasjóðurinn undanþeginn skattaálagningu vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 155/2010. Sjá nánar í skýringu 2.

Hjá Lánasjóðnum störfuðu þrír starfsmenn á árinu líkt og verið hefur frá árinu 2009. Sjóðurinn hefur frá árinu 2005 verið með samning við Samband íslenskra sveitarfélaga um afmarkaða rekstrarþætti sem tryggir viðeigandi aðgreiningu starfa.

Eignarhald

Hluthafar Lánasjóðs sveitarfélaga eru 74, en hann er í eigu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Eignarhlutir í Lánasjóðnum geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í þeirra eigu, samkvæmt lögum um sjóðinn. Eignahlutur hluthafa er óbreyttur milli ára. Sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 27.

Í stjórn sjóðsins sitja fimm aðalmenn og hefur hver og einn þeirra tilgreindan varamann, sem kjörnir eru á aðalfundi sjóðsins. Kynjahlutföll í aðal- og varastjórn eru jöfn.

Áhætta og stýring hennar

Hornsteinar í áhættustýringu sjóðsins eru pörun útlána og að útlán eru ekki veitt nema fjármögnun sé tryggð. Þannig er tryggt að sjóðurinn verði ekki uppiskroppa með laust fé til að mæta skuldbindingum sínum. Til viðbótar er svo heimild sveitarfélaga til að veita sjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar lánum og þannig á að vera tryggt að sjóðurinn tapi ekki útlánun.

Stjórn ber ábyrgð á áhættustefnu Lánasjóðsins og skilgreinir áhættuvilja. Stjórn Lánasjóðsins samþykkir reglur um framkvæmd áhættustýringar, hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt og tryggir að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánasjóðsins gagnvart stjórn.

Sem lánaþyrftir stendur Lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustýrnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans.

Lánasjóðurinn fer árlega í gegnum innra matsferli til að meta eiginfjárför sjóðsins og styrkja tengsl áhættumats sjóðsins og áhættustýringu. Ferlið er ætlað til að bæta verklag og umfang áhættustýringar og varpa ljósi á helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins. Skýrsla um innra matsferli er skilað til Fjármálaeftirlitsins sem metur hvort áhættuþættir og áhættumælingar séu nægjanlega vel skilgreind og hvort nægjanlegt eigið fé sé til staðar til að tryggja rekstraröryggi sjóðsins.

Lánasjóðurinn ber samkvæmt 78. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 að starfrækja áhættunefnd, sem ber að sinna ráðgjafa- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn er varðar mótun áhættustefnu og áhættuvilja. Sökum smæðar sjóðsins var sótt um undanþágu frá starfrækslu áhættunefndar í samræmi við 5. mgr. 78. gr. Slík undanþága var veitt af Fjármálaeftirlitinu með, bréfi dagsett 23. desember 2015. Skilgreint var í starfsreglum stjórnar að starfsskyldur áhættunefndar yrðu yfirfærðar á stjórn Lánasjóðsins.

Nánari umfjöllun um áhættustýringu Lánasjóðsins er í skýringu 4.

Reikningsskil

IFRS 9 reikningsskilastaðallinn tók gildi þann 1. janúar 2018 og tekur við af IAS 39 staðlinum. Staðallinn kveður á um ný viðmið á flokkun og mati fjáreigna, nýja aðferð við mat á virðisrýrnun sem byggist á væntu tapi og reglur um áhættuvarnarreikningsskil. Þá gerir staðallinn viðbótakröfur um upplýsingagjöf og framsetningu, þá sérstaklega upplýsingagjöf er varðar yfirfærslu frá IAS 39 yfir í IFRS 9. Nánar er fjallað um reikningsskilastaðla í skýringu 2.3

Stjórnarhættir

Í samræmi við 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki ber stjórn Lánasjóðsins ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkum rekstri, aðskilnaði og komi í veg fyrir hagsmunaárekstra. Stjórn Lánasjóðsins hefur tileinkað sér góða stjórnunarhætti og fylgir "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2015.

Stjórn Lánasjóðsins hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verkefni eru skilgreind. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um boðun stjórnarfunda, lögmati ályktana, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður og hagsmunatengsl, verkswið gagnvart framkvæmdastjóra og fleira. Starfsreglur stjórnar voru síðast samþykktar á stjórnarfundi þann 23. ágúst 2017 en þær eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins (www.lanasjodur.is).

Stjórn Lánasjóðsins hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun sjóðsins og stærri ákvörðunum á milli hluthafafunda sem m.a. eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Hún hefur eftirlit með öllum rekstri sjóðsins og fylgir því eftir að starfsemi sé að jafnaði í réttu og góðu horfi. Hún tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna sjóðsins og góð regla sé á uppgjöri sjóðsins.

Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á daglegum rekstri sjóðsins samkvæmt stefnu og ákvörðun stjórnar. Þá ber framkvæmdastjóri ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem fylgja starfsemi sjóðsins. Lagarammi Lánasjóðsins gerir einnig kröfu um hæfi framkvæmdastjóra en hann þarf að gangast undir sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins hefur staðist framangreint hæfismat.

Stjórn Lánasjóðsins ber ábyrgð á að til staðar sé virkt innra eftirlit til samræmis við lög og settar reglur. Lánasjóðurinn leggur áherslu á að verklag sé skjalfest, áhættur séu greindar og metnar, eftirlitsaðgerðir skilgreindar til að mæta viðkomandi áhættum og þannig draga úr áhrifum viðkomandi áhættuþátta. Stjórn Lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki, í samræmi við undanþágu Lánasjóðsins frá leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2011 um rekstur endurskoðunardeildar.

Í samræmi við 108. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 hefur stjórn Lánasjóðsins skipað endurskoðunarnefnd. Nefndin hefur það hlutverk að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila, endurskoðun á ársreikningi, fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar, innra eftirlits og innri endurskoðunnar. Einnig skal endurskoðunarnefnd leggja mat á óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með störfum hans.

Stjórnarháttum Lánasjóðsins er nánar lýst í stjórnarháttayfirlýsingu sem má finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikninginn og á heimasíðunni www.lanasjodur.is. Stjórnarháttayfirlýsingin byggir á lögum og reglum og viðurkenndum leiðbeiningum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn. Yfirlýsingin er gerð í samræmi við lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu, útgefinni af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands í maí 2015. Stjórnarhættir sjóðsins eru í samræmi við leiðbeiningarnar að örfáum tilvikum undanskildum, sem nánar eru tilgreind í stjórnarháttayfirlýsingu.

Samfélagsleg ábyrgð

Lánasjóðurinn stuðlar að félagslegri og byggðalegri þróun með hlutverki sínu sem fest er í lögum og samþykktum hans en þar er kveðið á um að hann veiti sveitarfélögum lánafyrirgreiðslu vegna verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Undir þá skilgreiningu falla lögákveðin verkefni sveitarfélaga ef um er að ræða þjónustu sem einkaaðilar veita ekki. Starfsemi stofnana eða félaga í eigu sveitarfélaga sem eru í samkeppnisrekstri eða veita þjónustu sem er í samkeppni við einkaaðila fellur hins vegar utan þeirrar skilgreiningar. Sökum smæðar Lánasjóðsins hefur ekki verið formfest stefna í málum tengdum samfélagslegri ábyrgð umfram það sem felst í lögum og samþykktum Lánasjóðsins.

Í starfsemi sjóðsins er tryggt að öll sveitarfélög landsins hafa jafnan rétt til lántöku hjá honum enda er meginhlutverk sjóðsins að tryggja íslenskum sveitarfélögum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Jafnframt er það markmið Lánasjóðsins að skapa öfluga samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og reyna þannig að hafa áhrif á kjör þau sem íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar. Þetta styður við markmið sveitarfélaga um hagkvæman rekstur sem hefur þannig jákvæðan ávinning fyrir íbúa sveitarfélaganna.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga er unnin í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum um reikningsskil lánastofnana.

Ársreikningurinn gefur að okkar áliti glögga mynd af fjárhagsstöðu 31. desember 2017, sjóðstreymi og rekstrarafkomu sjóðsins vegna ársins 2017.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. mars 2018

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Arna Lára Jónsdóttir

Kristinn Jónasson

Elliði Vignisson

Helga Benediktsdóttir

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2017. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikninginn í heild.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Útlán <i>Sjá nánar skýringu nr. 14 "Útlán og kröfur"</i>	Endurskoðun á útlánum fólst m.a. í eftirfarandi þáttum: - Útlánaferill yfirfarinn og metinn. - Yfirfarið að útlán og kröfur í ársreikningi séu til samræmis við stöður í lánakerfi. - Stöður lána í árslok endurreiknaðar miðað við höfuðstól og væntar afborganir út frá forsendum lánakerfis, byggt á úrtaksprófunum og yfirfarið að forsendur lánakerfis séu til samræmis við undirliggjandi samninga. - Ítarleg skoðun og endurreikningur á vaxtatekjum, verðbótum og gengismun. - Útreikningur og dreifing affalla/lántökukostnaðar yfirfarinn.
Áhersla í endurskoðun hjá okkur var á útlán þar sem útlán nema um 86% af heildareignum félagsins. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki og er meginhlutverk hans að tryggja íslenskum sveitarfélögum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða.	
Útlán eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla.	
Útlán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða skilgreindum vöxtum og eru ekki skráðar á virkum markaði. Til þeirra stofnast þegar félagið greiðir fjármuni beint til skuldara án þess að til standi að selja kröfuna. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.	
Ekki er færð varúðarniðurfærsla á útlán vegna þess að þau eru tryggð með veði í skatttekjum skuldara.	

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og að við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Reykjavík, 6. mars 2018

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Hreinar vaxtatekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		4.170.785.288	4.329.849.976
Vaxtagjöld og verðbætur		(3.243.933.390)	(3.370.836.590)
Hreinar vaxtatekjur samtals	5	926.851.898	959.013.386
Aðrar rekstrartekjur			
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	6	25.194.614	34.909.143
Hreinn gjaldeyrismunur	7	6.353.738	(77.026.361)
Aðrar rekstrartekjur samtals		31.548.352	(42.117.218)
Hreinar rekstrartekjur		958.400.250	916.896.168
Almennur rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	8	81.785.293	89.545.864
Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu	9	42.683.953	42.995.821
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME		8.626.000	7.356.000
Annar rekstrarkostnaður	10	50.285.666	62.839.865
Afskriftir	17	1.195.625	1.195.628
Almennur rekstrarkostnaður samtals		184.576.537	203.933.178
Tekjuf. v. krafna á gjaldþrota fjármálastofnanir	16	3.367.203	270.167.102
Hagnaður ársins		<u>777.190.916</u>	<u>983.130.092</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þýntur hagnaður á hlut	11	0,16	0,20

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Eignir			
Innstæður í Seðlabanka	12	11.805.975.970	5.626.071.452
Kröfur á lánastofnanir	13	291.007.716	249.936.916
Útlán og kröfur	14	73.566.191.839	70.510.956.942
Skammtímaútlán	15	0	663.848.611
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	16,18	0	927.919.306
Rekstrarfjármunir	17	43.042.587	44.238.212
Aðrar eignir		1.051.995	1.205.704
Eignir samtals		<u>85.707.270.107</u>	<u>78.024.177.143</u>
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	19	65.153.667.529	57.058.760.797
Aðrar langtímalántökur	20	2.573.720.421	3.175.802.373
Skammtímalántökur	21	435.837.610	415.592.683
Lífeyrisskuldbinding	22	76.064.578	74.589.521
Aðrar skuldir	23	9.462.191	127.104.907
Skuldir samtals		<u>68.248.752.329</u>	<u>60.851.850.281</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	5.000.000.000
Bundinn varasjóður		1.250.000.000	1.274.171.094
Óráðstafað eigið fé		11.208.517.778	10.898.155.768
Eigið fé samtals	24	<u>17.458.517.778</u>	<u>17.172.326.862</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>85.707.270.107</u>	<u>78.024.177.143</u>

Eiginfjárfirlit 1. janúar til 31. desember 2017

	Hlutfé	*Bundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2017				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.274.171.094	10.898.155.768	17.172.326.862
Arðgreiðsla			(491.000.000)	(491.000.000)
Hagnaður ársins og heildarhagnaður			777.190.916	777.190.916
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		(24.171.094)	24.171.094	0
Eigið fé 31. desember	5.000.000.000	1.250.000.000	11.208.517.778	17.458.517.778
Breytingar á eigin fé 2016				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.250.000.000	10.462.196.770	16.712.196.770
Arðgreiðsla			(523.000.000)	(523.000.000)
Hagnaður ársins og heildarhagnaður			983.130.092	983.130.092
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		24.171.094	(24.171.094)	0
Eigið fé 31. desember	5.000.000.000	1.274.171.094	10.898.155.768	17.172.326.862

* Bundinn varasjóður samanstendur af lögbundnum varasjóði og bundinni óinnleystri gangvirðisbreytingu. Í júní 2016 voru samþykktar breytingar á lögum um ársreikninga sem fólu í sér nýjar kröfur um bindingu eiginfjár vegna óinnleysta gangvirðisbreytinga sem takmarka möguleika til arðgreiðslu. Sjá nánar í skýringu 2 og 24.

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 31. desember 2017

	Skýr.	1.1.-31.12.2017	1.1.-31.12.2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		777.190.916	983.130.092
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Hreinar vaxtatekjur teknar út		(926.851.898)	(959.013.386)
Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir		178.203.502	(55.308.168)
Afföll, lántökugjald og lántökupóknun skuldabréfa	14,19	106.839.567	176.090.478
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	22	1.475.057	3.588.578
Afskriftir	17	1.195.625	1.195.628
		<u>(639.138.147)</u>	<u>(833.446.870)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Veitt langtímalán		(9.539.002.873)	(6.596.472.389)
Innheimt langtímalán		7.629.661.143	7.769.334.947
Fjáreignir á gangvirði, (hækkun) / lækkun		927.919.306	(614.784.465)
Skammtímalán veitt af sjóðnum, (hækkun)		650.000.000	(210.000.000)
Skammtímalán tekin af sjóðnum, (lækkun)		20.184.583	(18.340.467)
Aðrar eignir, lækkun / (hækkun)		153.709	642.090
Aðrar skuldir, hækkun		(117.642.716)	119.733.410
Fengnir vextir		2.951.959.081	3.000.458.672
Greiddir vextir		<u>(2.242.347.168)</u>	<u>(2.165.066.977)</u>
		280.885.065	1.285.504.821
Handbært fé frá rekstri		418.937.834	1.435.188.043
Fjármögnunarhreyfingar			
Lántaka		12.677.374.196	6.011.170.540
Afborganir langtímalána		(6.370.898.534)	(6.266.036.327)
Arðgreiðsla til sveitarfélaga		<u>(491.000.000)</u>	<u>(523.000.000)</u>
		5.815.475.662	(777.865.787)
Hækkun á handbæru fé		6.234.413.496	657.322.256
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(13.438.178)	42.828.929
Handbært fé í ársbyrjun		5.876.008.368	5.175.857.183
Handbært fé í árslok		<u>12.096.983.686</u>	<u>5.876.008.368</u>
Sundurliðun handbærs fjár			
Innstæður í Seðlabanka		11.805.975.970	5.626.071.452
Kröfur á lánastofnanir		291.007.716	249.936.916
		<u>12.096.983.686</u>	<u>5.876.008.368</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánaþyrftæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálaþyrftæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin eru til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti ársreikning sjóðsins þann 6. mars 2018.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessa ársreiknings eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á öll tímabilin sem birt eru í reikningsskilunum, nema annað sé tekið fram. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá sjóðnum og á vef hans www.lanasjodur.is, sem og á vef NASDAQ OMX Iceland hf., www.omxnordicexchange.com.

2.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

2.2 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að undanskildum fjáreignum sem tilgreindar eru á gangvirði.

2.3 Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar

a) *Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkunar sem tóku gildi 1. janúar 2017.*

Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi frá og með 1. janúar 2017 höfðu ekki veruleg áhrif á ársreikning Lánasjóðsins.

b) *Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkunar sem hafa verið útgefnir en gilda ekki gagnvart ársreikningi 2017.*

Eftirfarandi nýir staðlar hafa verið útgefnir en gilda ekki gagnvart ársreikningi 2017:

Staðall/túlkun	Innihald	Gildistöktími
IFRS 9	Fjármálagerningar	1. janúar 2018
IFRS 15	Tekjur af samningum við viðskiptavinum	1. janúar 2018
IFRS 16	Leigusamningar	1. janúar 2019

IFRS 9 - Fjármálagerningar

IFRS 9 tók gildi 1. janúar 2018 og tekur við af IAS 39. Staðallinn kveður á um ný viðmið á flokkun og mati fjáreigna, nýja aðferð við mat á virðisrýmum sem byggir á væntu tapi og reglur um áhættuvarnarreikningsskil. Þá gerir staðallinn viðbótakröfur um upplýsingagjöf og framsetningu, þá sérstaklega upplýsingagjöf er varðar yfirfærslu frá IAS 39 yfir í IFRS 9. Hér að neðan er farið yfir helstu atriði sem snúa að Lánasjóðnum varðandi innleiðingu á IFRS 9.

Fjárhagsleg áhrif innleiðingar IFRS 9 þann 1. janúar 2018 eru áætluð á bilinu 15-17 milljónir króna, sem koma mun til lækkunar á upphafsstöðu eigin fjár. Þó ber að taka fram að um bráðabirgða fjárhæð er að ræða þar sem innleiðingu er ekki að fullu lokið.

2.3 Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar (framhald)

Flokkun og mat

Fjáreignir ber að flokka í þrjá meginflokka - Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði, fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu og fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Flokkunin segir til um hvernig fjármálagerningar eru upphaflega færðir í bókhaldið og hvernig meta á þá eftir upphaflega skráningu. Endurflokka þarf fjáreignir á milli matsflokka ef markmið viðskiptalíkans viðkomandi fjáreigna breytist eftir upphaflega skráningu og ef starfsemi Lánasjóðsins breytist verulega.

Fjáreignir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði ef markmið er að eiga fjáreignina til gjalddaga og innheimta samningsbundnar greiðslur sem samanstanda af afborgunum af höfuðstól og vöxtum.

Fjáreignir eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu ef markmið er að eiga fjáreignina til gjalddaga og innheimta samningsbundnar greiðslur sem samanstanda af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, auk sölu fjáreignar.

Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru allar aðrar fjáreignir. Óheimilt er að endurflokka og breyta reikningshaldslegri meðferð þegar ákveðið er að beita viðkomandi flokkun.

Lánasjóðurinn væntir þess að innleiðing IFRS 9 muni ekki hafa veruleg áhrif á færslu eða mat fjáreigna.

Fjárskuldir verða áfram flokkaðar í tvo flokka - Afskrifað kostnaðarverð og gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Nánast allar fjárskuldir utan lánsloforð og ábyrgðir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði samkvæmt IFRS 9.

Virðisýrðun

Mat á væntu útlánatapi fjáreigna samkvæmt IFRS 9 horfir mun meira fram á við heldur en líkanið í IAS 39 sem metur áorðið útlánatap. IFRS 9 líkanið er tvíþætt þar sem niðurfærsla vegna vænts útlánataps (e. ECL) miðast annaðhvort við 12 mánaða vænt útlánatap eða yfir líftíma fjármálagernings og ræðst það af aukinni útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. IAS 39 horfði einungis til orðinna tapsviðburða á reikningsskiladegi.

Lagt er mat á líkum á vanefndum (e. PD), líkur á tapi að gefnum vanefndum (e. LGD), áhættuskuldbindingu við vanefnd (e. EAD) auk þjóðhagslegra þátta.

Virðisýrðunarlíkan vænts útlánataps samkvæmt IFRS 9 byggist á þremur þrepum. Í samræmi við líkanið þá ber að meta niðurfærslu allra lána vegna útlánaáhættu á hverjum reikningsskiladegi. Niðurfærslan miðast annað hvort við 12 mánaða vænt útlánatap eða vænt útlánatap út líftíma.

Þrep 1 - Niðurfærsla skal metin út frá 12 mánaða væntu útlánatapi þar sem engin aukning hefur átt sér stað í útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. Vextir af eignum í þrepi 1 eru reiknaðir af vergu bókfærðu virði. Í þrepi 1 flokkast öll sveitarfélög sem ekki eru í greiðsluferðileikum.

Þrep 2 - Niðurfærsla skal metin út frá væntu útlánatapi út líftíma sökum verulegrar aukningu á útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. Vextir af eignum í þrepi 2 eru reiknaðir af vergu bókfærðu virði líkt og á þrepi 1. Í þrep 2 flokkast þau sveitarfélög sem eru undir ströngu eftirliti hjá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, hafa farið fram á afskrift skulda eða farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu.

Þrep 3 - Vanefnd hefur átt sér stað. Lán eru í vanskilum og vænt er að endurgreiðslur verði ekki í samræmi við skilmála. Niðurfærsla er metin út frá væntu útlánatapi út líftíma. Vaxtatekjur reiknast einungis af bókfærðu virði lánsins. Í þrep 3 flokkast lán hjá sveitarfélagi sem þegar hefur verið skipað fjárhagsstjórn eða eru þegar í verulegum vanskilum.

Áhættuvarnarreikningsskil

Nýjar reglur um áhættuvarnarreikningsskil eru í IFRS 9. Reglunum er ætlað að samræma áhættuvarnarreikningsskilin við áhættustýringu. Lánasjóðurinn hefur ekki átt í viðskiptum með fjáreignir á liðnu ári sem falla undir nýjar reglur áhættuvarnarreikningsskila samkvæmt IFRS 9.

IFRS 15 - Tekjur af samningum við viðskiptavinum

IFRS 15 var heimilt að innleiða á árinu 2017 en gildistökutíminn er frá 1. janúar 2018. Staðallinn fjallar um nýja viðmiðun við tekjuskráningu fyrir samninga við viðskiptavinum og leysir hann af hólmi reglur um tekjuskráningu sem finnast í IAS 11 og IAS 18. IFRS 15 hefur engin veruleg áhrif á færslu tekna hjá Lánasjóðnum, þar sem tekjur félagsins samanstanda að öllu leyti af vaxtatekjum sem ekki falla undir viðmið IFRS 15.

2.3 Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar (framhald)

IFRS 16 - Leigusamningar

Reikningsskilastaðalinn IFRS 16 - leigusamningar mun taka við af IAS 17. Innleiðing staðalsins mun hafa óveruleg áhrif á leigusala en reikningsskil leigutaka mun breytast verulega þar sem færa ber alla langtímaleigusamninga í efnahagsreikning sem eign með heimild til notkunar. Áhrif staðalsins á reikningsskil Lánasjóðsins eru óveruleg og verður IFRS 16 ekki innleiddur fyrir gildistökutíma.

c) Innleiðing staðla fyrir gildistökutíma þeirra.

Félagið innleiddi enga staðla fyrir gildistökutíma þeirra á árinu 2017.

2.4 Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur sjóðsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 3.

2.5 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er bæði starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill sjóðsins. Allar fjárhæðir eru birtar í krónum nema annað sé tekið fram.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfsrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadegi. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi eða gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok ársins, er fært í rekstrarreikning.

2.6 Starfspáttayfirlit

Stjórnendur sjóðsins skilgreina starfsemi hans sem einn starfspátt sem felst í útlánum til sveitarfélaga og fyrirtækja í eigu þeirra og/eða ríkis. Af þessum sökum birtir sjóðurinn ekki starfspáttayfirlit.

2.7 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta fyrir alla vaxtaberandi fjármálagerninga nema þá sem tilgreindir hafa verið á gangvirði. Aðferð virkra vaxta byggir á því að reiknað er upphaflegt bókfært verð fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvörðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignar eða fjárskuldar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað sjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagernings, en tekur ekki tillit til mögulegs útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af virkum vöxtum sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

2.8 Fjármálagerningar

Félagið skráir upphaflega í fjárhagsbókhald sitt útlán og kröfur, innlán og útgefin skuldabréf á þeim degi þegar til skuldbindinganna er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á þeim degi sem félagið verður aðili að samningsákvæðum gerningsins. Reglubundin kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina.

Fjáreign eða fjárskuld er upphaflega metin á gangvirði að teknu tilliti til, þegar um er að ræða fjáreign eða fjárskuld sem er ekki metin síðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, viðskiptakostnaðar sem rekja má beint til kaupa fjáreignarinnar eða útgáfu fjárskuldarinnar.

Lánasjóðurinn skipar fjáreignum sínum í eftirfarandi flokka: fjáreignir tilgreindar á gangvirði þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning og útlán og kröfur. Flokkun fjárfestinga er ákvörðuð við upphaflega færslu í reikningsskilin.

2.8 Fjármálagæringar (framhald)

(a) Fjáreignir tilgreindar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi

Fjáreignir eru færðar á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi skv. eftirfarandi:

- Tilteknar fjárfestingar eru færðar á gangvirði þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við skráða áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.

Slíkar fjáreignir eru færðar í rekstrarreikningi undir hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði. Ekki er mögulegt að breyta flokkun þeirra fjáreigna sem hafa verið settar í þennan flokk eftir upphaflega færslu. Vextir eru færðir undir vaxtatekjur.

(b) Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða skilgreindum vöxtum og eru ekki skráðar á virkum markaði. Til þeirra stofnast þegar sjóðurinn greiðir fjármuni beint til skuldara án þess að til standi að selja kröfuna.

Útlán og kröfur eru bókfærðar á kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

(c) Nettun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnahagsreikning þegar fyrir liggur hvort tveggja lagalegur réttur til að jafna saman og ætlunin er að gera gerningana upp samtímis á nettógrunni.

(d) Lántökur

Lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði, sem er fjárhæð lánsins við útgáfu að frádregnum lántökukostnaði. Eftir það eru lán færð á upphaflegu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

(e) Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og innstæður í Seðlabanka og kröfur á lánastofnanir.

2.9 Virðisrýrnun útlána og krafna

Við hver reikningsskil metur Lánasjóðurinn hvort hlutlæg merki séu um að virði útláns eða safns útlána hafi rýrnað. Samkvæmt lögum nr.150/2006 um Lánasjóðinn er honum eingöngu heimilt að lána sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og fyrirtækjum til að fjármagna verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Skilyrði fyrir því að Lánasjóðurinn veiti lán til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart Lánasjóðnum.

Þá er sveitarfélagi heimilt skv. 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að setja tekjur sínar að veði sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur eða fyrir ábyrgðum sem það veitir Lánasjóðnum, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs sem tryggingar fyrir lánum.

Í samræmi við skilgreiningar á tapsatburði í IAS 39 þá hefur Lánasjóðurinn aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Við innleiðingu á IFRS 9 ber að færa varúðarafskrift í samræmi við mat á væntu útlánatapi. Breytingin vegna nýrra krafna verður færð á óráðstafað eigið fé þann 1. janúar 2018, til lækkunar. Nýr liður á meðal útlána mun halda utan um breytingar á varúðarafskrift.

2.10 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á þessum eignum.

Kostnaður sem fellur til eftir upphafleg kaup er einungis eignfærður þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur í framtíðinni muni renna til sjóðsins og unnt er að meta kostnaðarverðið með öruggum hætti. Viðhald og viðgerðir eru gjaldfærð í rekstrarreikning á því tímabili sem til þeirra er stofnað.

Afskriftir fasteigna eru reiknaðar með beinlínuaðferð til að dreifa kostnaði þeirra að frádregnu niðurlagsverði á áætlaðan nýtingartíma, sem er 50 ár.

2.10 Rekstrarfjármunir (framhald)

Niðurlagsverð eigna og nýtingartími eru endurskoðuð á hverju tímabili og leiðrétt ef það á við. Fyrnanlegar eignir eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar í hvert sinn sem atvik eða breyttar aðstæður benda til þess að bókfært verð kunni að vera lægra en áætlað endurheimtanlegt virði. Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði eignar að frádregnum sölukostnaði eða notkunarvirði, hvort sem hærra er. Bókfært verð eignar er afskrifað niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra.

Söluhagnaður eða -tap af rekstrarfjármunum er mismunur á söluverði fjármunar og bókfærðu verði hans á söluðegi. Söluhagnaður og/eða -tap er fært í rekstrarreikning.

2.11 Lífeyrisskuldbinding

Á sjóðnum og samstarfsstofnunum hans hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna sem hafa átt og eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbinding Lánasjóðsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings. Útreikningur miðar við sömu tryggingarfræðilegu forsendur og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Stuðst er við lífslíkur samkvæmt reynslu árána 2010 - 2014. Aðrar forsendur eru 2% raunvextir og 50% af örorkulíkum 17 íslenskra lífeyrissjóða á árunum 1998 - 2002.

2.12 Hlutfé

Í desember 2006 voru samþykkt á Alþingi lög nr.150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Á stofnfundi félagsins var samþykkt að nafnverð hlutafjár skyldi verða 5.000 milljónir króna. Félagið er í eigu íslenskra sveitarfélaga og eru eignarhlutir einstakra sveitarfélaga skilgreindir í lögunum. Síðan þá hafa sveitarfélög sameinast og eignarhlutur runnið inn í sameinað sveitarfélag.

2.13 Bundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal færa matsbreytingar á fjáreignum, tilgreindum á gangvirði við upphaflega skráningu, af óráðstöfuðu eigin fé yfir á gangvirðisreikning meðal eigin fjár, sem óheimilt er að úthluta arði af. Leysa skal gangvirðisreikning upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir matsbreytingu er ekki fyrir hendi. Bundinn varasjóður í efnahag og eiginfjárfirli samanstandur af lögbundnum varasjóði og bundnum óinnleystum gangvirðisbreytingum.

2.14 Skattamál

Samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt er Lánasjóðurinn undanþeginn greiðslu tekjuskatts.

Samkvæmt lögum nr. 94/1996 um fjármagnstekjuskatt er Lánasjóðurinn undanþeginn slíkum skatti.

Samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálaafyrirtæki er Lánasjóðurinn undanþeginn stimpilgjaldi.

Samkvæmt lögum nr. 155/2010 um sérstakan skatt á fjármálaafyrirtæki er Lánasjóðurinn undanþeginn skattálagningu skv. þeim lögum.

3. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Stjórnendur yfirfara mat og framtíðarvæntingar eigna og skulda. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Sem dæmi um það er mat á gangvirði fjármálagerna. Í ársreikningi Lánasjóðs sveitarfélaga eru engir verulegir liðir sem eru háðir mati stjórnenda og geta haft veruleg áhrif á niðurstöðu reikningsskila.

4. Áhættustýring

Sem lánaafyrirtæki stendur Lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans.

Stjórn Lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé fylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Lánasjóðurinn hefur fengið undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skuli fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfseminni til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn fjármálaafyrirtækis og framkvæmdastjórn bera ábyrgð á að fullnægjandi innra eftirlit og innri endurskoðun sé ávallt til staðar. Á það jafnframt við þegar undanþága frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi hennar er veitt. Stjórn Lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. Ernst & Young ehf. er innri endurskoðandi Lánasjóðsins.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hins vegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættuþættir eins og lausafjáráhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Sveitarfélögin eru nú 74 talsins og eru 63 þeirra lántakendur hjá Lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi sbr. kafla VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Sveitarfélögin hafa reynt traustir greiðendur og hefur aldrei komið til afskriftar vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu hjá Lánasjóðnum frá því að hann hóf starfsemi árið 1967. Mat á útlánaáhættu hefur því aldrei leitt til virðisrýrnunar útlánasafnsins og Lánasjóðurinn hefur því engan afskriftarreikning vegna mögulegra útlánatapa í bókum sínum.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. Í árslok 2017 eru rétt tæplega 100% útlána til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánsúmsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál eru lögð fyrir stjórn, annað hvort til ákvörðunar eða kynningar.

Þann 31. desember 2017 var einn viðskiptamaður flokkaður sem viðskiptamaður með stóra áhættuskuldbindingu hjá Lánasjóðnum. Viðskiptamenn eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 233/2017 ef heildar skuldbindingar að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Tíu stærstu lántakendurnir eru ábyrgir fyrir um 56,5% af heildarútlánum sjóðsins, en var 56% í árslok 2016. Hámarksáhætta, skv. lögum um fjármálaafyrirtæki nr. 161/2002, á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánsjóðurinn er í eigu íslenskra sveitarfélaga, og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Lánsjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita Lánsjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar Lánsjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

4.1.2 Mótaðilaáhætta

Framkvæmdastjóri hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á árinu 2017 kom ekki til þess að sjóðurinn beiti veðrétti sínum í tekjum sveitarfélaga en sjóðurinn hefur einu sinni þurft að beita veði sínu, en það var gert árið 2010.

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins.

	2017	2016
Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:		
Innstæður í Seðlabanka	11.806	5.626
Kröfur á lánastofnanir	291	250
Útlán og kröfur á sveitarfélög og fyrirtæki þeirra	73.566	71.175
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	0	928
Aðrar eignir	1	1
Samtals mótaðilaáhætta	85.664	77.980

4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjárahætta er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er stórum hluta eigin fjár sjóðsins haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðslufærðir fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar endurgreiðslur.

Staða 31.12.2017 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Handbært fé	12.097	-	-	-	-	12.097
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	0	-	-	-	-	0
Útlán	134	2.917	6.515	36.236	45.006	90.808
Samtals fjáreignir	12.231	2.917	6.515	36.236	45.006	102.905
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	520	2.826	5.136	31.727	45.653	85.862
Samtals fjárskuldir	520	2.826	5.136	31.727	45.653	85.862
Nettó eignir - skuldir	11.711	91	1.379	4.509	(647)	17.043

Staða 31.12.2016 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Handbært fé	5.876	-	-	-	-	5.876
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	923	-	-	-	-	923
Útlán	815	2.990	6.440	35.317	42.724	88.286
Samtals fjáreignir	7.614	2.990	6.440	35.317	42.724	95.085
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	417	2.882	4.761	29.049	38.337	75.446
Samtals fjárskuldir	417	2.882	4.761	29.049	38.337	75.446
Nettó eignir - skuldir	7.197	108	1.679	6.268	4.387	19.639

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem Lánasjóðurinn getur breytt einhliða.

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2017 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	7.309	25.730	17.608	18.038	68.685
ISK óverðtryggt	13.925	-	-	-	13.925
EUR	2.885	-	-	-	2.885
USD	43	-	-	-	43
GBP	9	-	-	-	9
JPY	46	-	-	-	46
CHF	70	-	-	-	70
Samtals fjáreignir	24.287	25.730	17.608	18.038	85.664
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	6.066	22.863	15.710	20.514	65.153
ISK óverðtryggt	436	-	-	-	436
EUR	2.574	-	-	-	2.574
USD	0	-	-	-	0
Samtals fjárskuldir	9.076	22.863	15.710	20.514	68.163
Nettó eignir - skuldir	15.211	2.867	1.898	(2.476)	17.501

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2016 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	7.037	23.971	18.927	15.096	65.030
ISK óverðtryggt	9.466	-	-	-	9.466
EUR	3.146	-	-	-	3.146
USD	186	-	-	-	186
JPY	10	-	-	-	10
CHF	65	-	-	-	65
GBP	77	-	-	-	77
Samtals fjáreignir	19.987	23.971	18.927	15.096	77.980
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	5.696	20.170	16.495	14.862	57.224
ISK óverðtryggt	416	-	-	-	416
EUR	2.877	-	-	-	2.877
USD	133	-	-	-	133
Samtals fjárskuldir	9.122	20.170	16.495	14.862	60.650
Nettó eignir - skuldir	10.865	3.801	2.431	233	17.330

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta, frh.

Vaxtanæmi

Greining á nettóvaxtanæmi 31. desember 2017 miðað við meðaltalslíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum hækkar hreinar vaxtatekjur Lánasjóðsins um 529 milljónir króna á ársgrundvelli eða 3,0% af eigin fé á móti 130 milljónir króna eða 0,8% af eigin fé í árslok 2016. Taflan sýnir áhrif vaxtabreytingarinnar á hagnað sjóðsins skipt niður á flokka eigna og skulda miðað við binditímanálgun.

Vaxtanæmi í m.kr.	Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar)	2017	2016
		Hagnaður eða tap	
ISK verðtryggt	100	531	133
ISK óverðtryggt	100	(1)	(2)
Erlendar myntir	100	(1)	(1)
Samtals		529	130

Verðbólguáhætta

31. desember 2017 átti Lánasjóðurinn verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir að fjárhæð 3.532 milljónir króna í samanburði við 7.806 milljónir króna í árslok 2016. Þetta þýðir að 1% hækkun vísitölu neysluverðs myndi auka hagnað sjóðsins um 35 milljónir króna og 1% lækkun myndi orsaka lækkun hagnaðar um 35 milljónir króna.

Áhrif verðtryggingar í m.kr.	2017	2016
Verðtryggðar eignir	68.685	65.030
Verðtryggðar skuldir	65.153	57.224
Nettó verðtryggingarstaða	3.532	7.806

4.4 Gjaldmiðlaáhætta

Stefna Lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhattu er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af reglum Seðlabanka Íslands og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

Næmigreining gjaldmiðla

Næmigreining gjaldmiðlastöðu sjóðsins sýnir að 10% veiking íslensku krónunnar eykur hagnað og eigið fé sjóðsins um 48 milljónir króna eða 0,3% af eigin fé. Taflan að neðan sýnir áhrif næmigreiningar gjaldmiðlastöðu sjóðsins skipt niður á myntir og sýnir áhrifin á hagnað og eigin fé Lánasjóðsins sem orsakast af 10% veikingu íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum.

Næmigreining gjaldmiðla í m.kr.	Styrking/veiking gjaldmiðils gagnvart íslensku krónunni	2017	2016
		Hagnaður eða tap	
EUR	(10%)	31	27
USD	(10%)	4	5
JPY	(10%)	5	7
CHF	(10%)	7	7
GBP	(10%)	1	1
Samtals		48	46

4.4 Gjaldmiðlaáhætta (framhald)

Lánasjóðurinn notaði eftirfarandi gengi erlendra gjaldmiðla fyrir reikningstímabilið sem ársreikningur þessi nær til:

	31.12.2017	31.12.2016	Breyting í %
EUR/ISK	125,40	119,46	5,0%
USD/ISK	104,67	113,09	(7,4%)
JPY/ISK	0,9305	0,9684	(3,9%)
CHF/ISK	107,37	111,12	(3,4%)
GBP/ISK	141,32	139,25	1,5%

Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2017

	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir					
Handbært fé	249	1	-	-	249
Útlán	2.637	42	46	79	2.804
Samtals fjáreignir	2.885	43	46	79	3.053
Fjárskuldir					
Lántökur	2.574	-	-	-	2.574
Samtals fjárskuldir	2.574	0	0	0	2.574
Nettó eignir - skuldir	311	43	46	79	479

Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2016

	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
Fjáreignir					
Handbært fé	228	1	-	-	229
Útlán	2.918	185	65	87	3.255
Samtals fjáreignir	3.146	186	65	87	3.484
Fjárskuldir					
Lántökur	2.877	133	-	-	3.010
Samtals fjárskuldir	2.877	133	0	0	3.010
Nettó eignir - skuldir	269	53	65	87	474

4.5 Rekstraráhætta

Varðandi rekstraráhættu er stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla um alla helstu þætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvista skrifstofupjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu. Rekstur Lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir fremur einsleitir.

4.5.1 Starfsmannaáhætta

Lánasjóðurinn er með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann fjárstýringar. Jafnframt hefur Lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmskonar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánasjóðsins og sambandsins.

4.5.2 Lagaleg áhætta

Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið neina ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda.

Lagaleg áhætta felst meðal annars í því að lögum um Lánasjóðinn yrði breytt og heimild um að veita mætti sjóðnum veð í tekjum sveitarfélaga yrði afturkölluð. Ómögulegt er að tölusetja þessa áhættu og er það eðli sjóðsins að lifa með henni. Það myndi þó teljast sem brot á meginreglu íslensku stjórnarskrárinnar ef heimild um lögveð yrði afnumin afturvirk.

Samkvæmt íslenskum sveitarstjórnarlögum geta sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota. Það telst því harla ólíklegt að Lánasjóðurinn þurfi að afskrifa lán sveitarfélaga þó vissulega geti orðið seinkun á greiðslum til sjóðsins ef sveitarfélag hættir að greiða af skuldum sínum eða seinkar greiðslum. Ef fjárhaldsstjórn er skipuð tekur hún allar ákvarðanir um greiðslur úr sveitarsjóði sem getur haft sömu áhrif.

Engin dómsmál eru útistandandi gegn Lánasjóðnum.

4.6 Eiginfjárstýring

Markmið með stýringu á eigin fé er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að vega á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri sjóðsins. Eiginfjárgrunnur sjóðsins samanstendur eingöngu af hlutafé, lögbundnum varasjóði og óráðstöfuðu eigin fé (Tier 1).

Lágmarks eigin fé samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er 8% af áhættuvegnum eignum. Lánasjóðurinn reiknar og birtir eiginfjárlutfall sitt byggt á Basel II staðalinum. Basel II skiptist niður í Stoð 1 (Pillar 1) og Stoð 2 (Pillar 2). Í Stoð 1 er áhættuþáttum skipt í útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Sjóðurinn beitir staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á útlánaáhættu og markaðsáhættu, en grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) við útreikning vegna rekstraráhættu. Í Stoð 2 er farið í nánari útfærslu á eigin mati og mælingum sjóðsins á eiginfjárlutfallinu sem svo er grundvöllur fyrir innra matsferli sjóðsins (e. ICAAP).

Árið 2017 mat sjóðurinn eiginfjárbörf sína með svonefndu innra matsferli og undirgekkst sérstakt matsferli (e. SREP) Fjármálaeftirlitsins. Innramatsferli sjóðsins á eiginfjárbörf er lykilþáttur í eiginfjár- og áhættustýringu sjóðsins.

Í júlí 2015 tóku gildi breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem innleiddi ákvæði um eiginfjárauka sem byggist á hugmyndafræði Basel III staðals. Fimm eiginfjáraukar eru skilgreindir, verndunarauki, sveiflujöfnunarauki, eiginfjárauki vegna kerfisáhættu, eiginfjárauki á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu og eiginfjárauki á önnur kerfisleg mikilvæg fjármálafyrirtæki. Fjármálafyrirtækjum er ætlað að nota viðeigandi eiginfjárauka, til að bæta eiginfjárstöðu sína, til viðbótar við lágmarks eigið fé og vera betur í stakk búnir til að takast á við áföll í rekstri eða sveiflum í hagkerfinu.

Lánasjóðurinn er undanskilinn að svo stöddu kerfisáhættuauka og eiginfjárauka á kerfisleg mikilvæg fjármálafyrirtæki bæði á alþjóðavísu og innanlands. Hins vegar er Lánasjóðnum gert að reikna með verndunarauka og sveiflujöfnunarauka við útreikninga á eiginfjárgrunni til samræmis við 4.mgr. 86.gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í byrjun janúar 2017 hækkaði verndunaraukinn úr 1,75% í 2,5% af áhættugrunni. Frá 1. mars 2017 bar Lánasjóðnum að reikna 1% sveiflujöfnunarauka á innlendar áhættuskuldbindingar sem Fjármálastöðuleikaráð ákvað að hækka frá 1. nóvember í 1,25%. Þeir eiginfjáraukar sem ná til Lánasjóðs sveitarfélaga í árslok 2017 eru samtals 3,75%.

5. Hreinar vaxtatekjur	1.1.-31.12.2017	1.1.-31.12.2016
Vaxtatekjur og verðbætur		
Útlán og kröfur	3.821.012.209	4.036.817.781
Handbært fé og skammtímakröfur	349.773.079	293.032.195
	<u>4.170.785.288</u>	<u>4.329.849.976</u>
Vaxtagjöld og verðbætur		
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	3.243.933.390	3.370.836.590
Hreinar vaxtatekjur	<u>926.851.898</u>	<u>959.013.386</u>

6. Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	1.1.-31.12.2017	1.1.-31.12.2016
Markaðsskuldabréf og víxlar	0	2.600.110
Hlutdeildarskírteini	25.194.614	32.309.033
	<u>25.194.614</u>	<u>34.909.143</u>

7. Hreinn gjaldeyrismunur	1.1.-31.12.2017	1.1.-31.12.2016
Útlán	85.220.510	(709.859.888)
Lántökur	(92.304.950)	675.662.456
Kröfur á lánastofnanir	13.438.178	(42.828.929)
	<u>6.353.738</u>	<u>(77.026.361)</u>

8. Laun og launatengd gjöld

Á árinu unnu þrír starfsmenn hjá sjóðnum líkt og á árinu 2016. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustubáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar. Stjórnarmenn fá 8% mótframlag í lífeyrissjóð frá sjóðnum og framkvæmdastjóri 12%. Laun starfsmanna sjóðsins eru í samræmi við laun starfsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga.

	1.1.-31.12.2017	1.1.-31.12.2016
Laun	63.814.379	69.963.661
Greitt mótframlag í lífeyrissjóð	7.089.949	7.248.757
Reiknaður lífeyriskostnaður vegna lífeyrisskuldbindingar.	4.670.189	5.767.382
Önnur launatengd gjöld	6.210.776	6.566.064
	<u>81.785.293</u>	<u>89.545.864</u>
Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri	25.099.191	23.095.984
Stjórnarmenn:		
Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður	1.969.884	1.870.967
Kristinn Jónasson, varaformaður stjórnar	1.313.268	1.247.317
Helga Benediktsdóttir, aðalm. og form.endursk.nefndar	1.707.252	1.631.589
Ellíði Vignisson, aðalmaður	1.313.268	1.247.317
Eydís Ásbjörnsdóttir, aðalmaður	437.756	1.247.317
Arna Lára Jónsdóttir, aðalmaður	875.512	0
Kristín María Birgisdóttir, varamaður	109.439	0
	<u>7.726.379</u>	<u>7.244.507</u>

9. Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu	1.1.-31.12.2017	1.1.-31.12.2016
Viðskiptavakt	35.500.001	35.500.000
Gjöld vegna verðbréfaútgáfu	2.019.091	2.261.055
Árlegur kostnaður vegna verðbréfa	5.164.861	5.234.766
	<u>42.683.953</u>	<u>42.995.821</u>

10. Annar rekstrarkostnaður	1.1.-31.12.2017	1.1.-31.12.2016
Þjónustusamningur við Samband íslenskra sveitarfélaga	19.064.392	17.867.328
Sérfræðiþjónusta / lögfræðiþjónusta ofl.	3.606.950	9.855.760
Rekstur húsnæðis	7.468.643	6.304.378
Tölvur og tölvukerfi	5.210.958	4.644.937
Ytri endurskoðun	4.352.290	3.673.325
Innri endurskoðun	1.583.506	1.714.082
Ferðakostnaður	2.746.883	2.851.893
Rekstrarvörur og skrifstofuáhöld	788.270	1.102.732
Álag vegna ógr. fjármagnstekjuskatts af arði	0	10.460.000
Önnur rekstrargjöld	5.463.774	4.365.430
	<u>50.285.666</u>	<u>62.839.865</u>

11. Hagnaður á hlut	1.1.-31.12.2017	1.1.-31.12.2016
Hagnaður ársins	777.190.916	983.130.092
Vegið meðaltal hlutafjár á árinu	5.000.000.000	5.000.000.000
Hagnaður á hlut	<u>0,16</u>	<u>0,20</u>

12. Innstæður í Seðlabanka	31.12.2017	31.12.2016
Óbundnar innstæður í Seðlabanka	1.790.182.775	316.279.786
Bundin innlán í Seðlabanka	10.015.793.195	5.309.791.666
	<u>11.805.975.970</u>	<u>5.626.071.452</u>

Innstæður í Seðlabanka ásamt kröfum á lánastofnanir mynda handbært fé í lok ársins í samræmi við sjóðstreymisýfirlit að fjárhæð samtals 12.097 milljónir króna samanborið við 5.876 milljónir krónar í árslok 2016.

13. Kröfur á lánastofnanir	31.12.2017	31.12.2016
Bankareikningar	<u>291.007.716</u>	<u>249.936.916</u>

14. Útlán og kröfur	31.12.2017	31.12.2016
Verðtryggð útlán	68.685.173.583	65.029.817.912
Útlán í erlendra mynt	2.804.181.227	3.253.960.055
Óverðtryggð útlán	2.076.837.029	2.227.178.975
	<u>73.566.191.839</u>	<u>70.510.956.942</u>

Eftirstöðvar affalla og lántökupóknunar í árslok 2017 eru 429,1 milljónir króna. Í árslok 2016 voru eftirstöðvarnar 323,8 milljónir króna. Aukning er tilkomin vegna útlána úr lánaflokki LSS55.

14. Útlán og kröfur (framhald)

Næsta árs afborganir

Staða 31.12.2017	Innan 12 mán	Umfram 12 mán	Samtals
Verðtryggð útlán	7.308.554.730	61.376.618.853	68.685.173.583
Útlán í erlendri mynt	305.699.669	2.498.481.558	2.804.181.227
Óverðtryggð útlán	167.267.955	1.909.569.074	2.076.837.029
	<u>7.781.522.354</u>	<u>65.784.669.485</u>	<u>73.566.191.839</u>

Staða 31.12.2016	Innan 12 mán	Umfram 12 mán	Samtals
Verðtryggð útlán	7.035.677.637	57.994.140.275	65.029.817.912
Útlán í erlendri mynt	555.083.771	2.698.876.284	3.253.960.055
Óverðtryggð útlán	180.314.662	2.046.864.313	2.227.178.975
	<u>7.771.076.070</u>	<u>62.739.880.872</u>	<u>70.510.956.942</u>

15. Skammtímaútlán	31.12.2017	31.12.2016
Óverðtryggð lán í krónum	<u>0</u>	<u>663.848.611</u>

16. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	31.12.2017	31.12.2016
Hlutdeildarskírteini o.fl.	<u>0</u>	<u>927.919.306</u>

Lánasjóðurinn á eina útstandandi kröfu á þrotabú Glitnis banka hf. sem lýst er hér að neðan.

Lánasjóður sveitarfélaga lýsti kröfu í bú Glitnis banka hf. á grundvelli afleiðusamninga að fjárhæð 6.723 milljónir króna. Ágreiningur er á milli Lánasjóðsins og slitastjórnar bankans um útreikning kröfunnar og nettun samninga. Þar sem sættir tókust ekki á milli aðila vísaði slitastjórn ágreiningnum til héraðsdóms í lok maí 2013. Endanleg niðurstaða fékkst í málinu með dómi Hæstaréttar þann 30. maí 2016. Viðurkennd var krafa Lánasjóðsins að fjárhæð 889 milljónir. Áætlaðar endurheimtur er um 30%. Á árinu 2017 voru greiddar 7,8 milljónir, þar af voru 4,4 milljónir tekjufærðar árið 2016 og 3,4 milljónir tekjufærðar í ár. Árið 2016 voru tekjufærðar 264 milljónir vegna Glitnis banka auk 6 milljóna vegna SPRON.

17. Rekstrarfjármunir

	31.12.2017	31.12.2016
Bókfært verð í ársbyrjun	44.238.212	45.433.840
Afskriftir ársins	<u>(1.195.625)</u>	<u>(1.195.628)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>43.042.587</u>	<u>44.238.212</u>
Bókfært verð í árslok greinist þannig:		
Kostnaðarverð	59.781.372	59.781.372
Samsafnaðar afskriftir	<u>(16.738.785)</u>	<u>(15.543.160)</u>
Bókfært verð í lok árs greinist þannig:	<u>43.042.587</u>	<u>44.238.212</u>

Fasteignamat í árslok 2017 nam 95,9 milljónum og brunabótamat 93,2 milljónum króna. Vátryggingarmat fasteigna fyrir 2017 var 90,9 milljónir króna.

18. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Samkvæmt alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IAS 39 Fjármálagerningar, skráning og mat, ber að flokka fjáreignir og fjárskuldir í sérstaka flokka sem segja til um hvernig meta skuli þessar eignir og skuldir eftir upphaflega skráningu þeirra.

- Lán og kröfur, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði;
- Fjáreignir á gangvirði, metnar á gangvirði;
- Aðrar fjárskuldir, eru færðar á afskrifuðu kostnaðarvirði.

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda og gangvirði þeirra:

31. desember 2017	Lán og kröfur	Fjáreignir á gangvirði	Skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	Samtals Bókfært virði	Gangvirði
Fjáreignir					
Innstæður í Seðlabanka	11.805.975.970	-	-	11.805.975.970	11.805.975.970
Kröfur á lánastofnanir	291.007.716	-	-	291.007.716	291.007.716
Útlán og kröfur	73.566.191.839	-	-	73.566.191.839	72.165.856.152
Fjáreignir samtals	85.663.175.525	0	0	85.663.175.525	84.262.839.838
Fjárskuldir					
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	-	-	68.163.225.560	68.163.225.560	72.499.334.940
Fjárskuldir samtals	0	0	68.163.225.560	68.163.225.560	72.499.334.940

31. desember 2016

Fjáreignir					
Innstæður í Seðlabanka	5.626.071.452	-	-	5.626.071.452	5.626.071.452
Kröfur á lánastofnanir	249.936.916	-	-	249.936.916	249.936.916
Útlán og kröfur	70.510.956.942	-	-	70.510.956.942	69.802.012.286
Skammtímaútlán	663.848.611	-	-	663.848.611	663.848.611
Markaðsskuldabréf, víxlar og hlutdeildarskírteini	-	927.919.306	-	927.919.306	927.919.306
Fjáreignir samtals	77.050.813.921	927.919.306	0	77.978.733.227	77.269.788.571
Fjárskuldir					
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	-	-	60.650.155.853	60.650.155.853	63.002.609.414
Fjárskuldir samtals	0	0	60.650.155.853	60.650.155.853	63.002.609.414

Gangvirði skuldabréfa Lánasjóðsins byggir á gengi bréfanna á markaði 29. desember 2017.

Gangvirði útlána er metið með því að núvirða greiðsluflæði útlánasafnsins með ávöxtunarkröfu skuldabréfa Lánasjóðsins auk 0,15% álags. Vaxtaálagið skiptist í 0,05% álag til að koma til móts við rekstrarkostnað auk 0,10% álags til að mæta beinum útlögðum kostnaði við útgáfu og viðskiptavakt sjóðsins.

18. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda (framhald)

Lánasjóðurinn notar þrepaskiptingu til að skýra mismunandi inntak á gangvirði. Þrepaskiptingin raðar inntökum í þrjú almenn þrep á eftirfarandi hátt:

Stig 1: skráð verð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: forsendur byggja á öðrum breytum en skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint eða óbeint (afleidd verð).

Stig 3: forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði, heldur meðal annars á upplýsingum um afkomu viðkomandi félags, kaup og sölu eignarhluta o.fl.

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga færða á gangvirði í efnahagsreikningi.

31. desember 2017

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir				
Markaðsskuldabréf, víxlar og hlutdeildarskírteini	-	-	-	0
Samtals	0	0	0	0

31. desember 2016

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir				
Markaðsskuldabréf, víxlar og hlutdeildarskírteini	923.234.814	4.684.492	-	927.919.306
Samtals	923.234.814	4.684.492	0	927.919.306

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins sem ekki eru metnar á gangvirði í efnahagsreikningi.

31. desember 2017

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir				
Innstæður í Seðlabanka	- 11.805.975.970		-	11.805.975.970
Kröfur á lánastofnanir	- 291.007.716		-	291.007.716
Útlán og kröfur	- 73.566.191.839		-	73.566.191.839
Samtals	0	85.663.175.525	0	85.663.175.525
Fjárskuldir				
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	68.163.225.560	-	-	68.163.225.560
Samtals	68.163.225.560	0	0	68.163.225.560

31. desember 2016

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir				
Innstæður í Seðlabanka	- 5.626.071.452		-	5.626.071.452
Kröfur á lánastofnanir	- 249.936.916		-	249.936.916
Útlán og kröfur	- 70.510.956.942		-	70.510.956.942
Skammtímaútlán	- 663.848.611		-	663.848.611
Samtals	0	77.050.813.921	0	77.050.813.921
Fjárskuldir				
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	60.650.155.853	-	-	60.650.155.853
Samtals	60.650.155.853	0	0	60.650.155.853

19. Verðbréfaútgáfa

	Vegin meðaltals vaxtaþrósent*		31.12.2017	31.12.2016
	31.12.2017	31.12.2016		
LSS '03, lokagjalddagi 2018	5,17%	5,17%	66.009.991	194.606.793
LSS '04, lokagjalddagi 2019	4,08%	4,08%	441.095.353	650.068.055
LSS '05-2, lokagjalddagi 2022	4,30%	4,30%	3.306.646.524	3.887.324.090
LSS 150224, lokagjalddagi 2024	4,64%	4,64%	22.101.383.710	24.542.314.214
LSS 150434, lokagjalddagi 2034	3,27%	3,48%	29.151.973.875	22.049.239.146
LSS '08 1, lokagjalddagi 2034	5,29%	5,29%	2.241.994.077	2.337.891.636
LSS 151155, lokagjalddagi 2055	2,80%	3,07%	7.844.563.999	3.397.316.863
Verðbréfaútgáfa samtals			65.153.667.529	57.058.760.797

* Vegin meðaltals vaxtaþrósent er sett fram samkvæmt aðferð um virka vexti.

Eftirstöðvar affalla og lántökukostnaðar í árslok 2017 eru 251 milljónir króna. Í árslok 2016 voru eftirstöðvarnar 469 milljónir króna.

Næsta árs afborganir

Staða 31.12.2017	Innan 12 mán	Umfram 12 mán	Samtals
Verðbréfaútgáfa	6.065.663.883	59.088.003.646	65.153.667.529

Staða 31.12.2016	Innan 12 mán	Umfram 12 mán	Samtals
Verðbréfaútgáfa	5.696.431.894	51.362.328.903	57.058.760.797

20. Aðrar langtímalántökur

	Vaxtaþrósent		31.12.2017	31.12.2016
	31.12.2017	31.12.2016		
EUR lán (Euribor-álag)	0,26%	0,22%	2.573.720.421	2.877.193.163
USD lán (Libor-álag)		0,14%	0	133.444.226
ISK lán (verðtryggðir fastir vextir)		6,09%	0	165.164.984
Aðrar lántökur samtals			2.573.720.421	3.175.802.373

Næsta árs afborganir

Staða 31.12.2017	Innan 12 mán	Umfram 12 mán	Samtals
EUR lán (Euribor-álag)	297.080.025	2.276.640.396	2.573.720.421

Staða 31.12.2016	Innan 12 mán	Umfram 12 mán	Samtals
EUR lán (Euribor-álag)	544.579.794	2.332.613.369	2.877.193.163
USD lán (Libor-álag)	393.878	133.050.348	133.444.226
ISK lán (verðtryggðir fastir vextir)	165.164.984	0	165.164.984
	710.138.656	2.465.663.717	3.175.802.373

21. Skammtímalántökur	Vaxtaþrósent		31.12.2017	31.12.2016
	31.12.2017	31.12.2016		
ISK lán (óverðtryggð)	3,75%	5,25%	435.837.610	415.592.683

22. Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunar hans hvílir lífeyrisskuldbinding vegna fyrrum starfsmanna sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingu fer fram árlega og er hún færð til skuldar í ársreikningi í lok árs. Útreikningur miðar við sömu tryggingafræðilegu forsendur og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Meginforsendur eru 2% raunvextir, lífslíkur samkvæmt reynslu árána 2010 - 2014 og 50% af örorkulíkum 17 íslenska lífeyrissjóða á árunum 1998 - 2002. Ekki er um að ræða skuldbindingu vegna núverandi starfsmanna Lánasjóðsins.

22. Lífeyrisskuldbinding (framhald)

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:	31.12.2017	31.12.2016
Frá fyrra ári	74.589.521	71.000.943
Greiddur lífeyrir á árinu	(2.092.726)	(2.178.804)
Hækkun skuldbindingar	3.567.783	5.767.382
Lífeyrisskuldbinding samtals	76.064.578	74.589.521

23. Aðrar skuldir

	31.12.2017	31.12.2016
Lánardrottnar	6.142.394	1.889.070
Ógreidd launatengd gjöld	3.319.797	3.150.543
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	0	122.065.294
Aðrar skuldir samtals	9.462.191	127.104.907

24. Eigið fé

Lánasjóðurinn reiknar og birtir eiginfjárlutfall sitt samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Sjóðurinn beitir staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á útlánaáhættu og markaðsáhættu, en grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) við útreikning vegna rekstraráhættu. Með breytingu á lögum nr. 161/2002, í júlí 2015, voru ákvæði um eiginfjárlutfall innleidd. Þeim samkvæmt ber Lánasjóðnum í árslok 2017 að binda til viðbótar við 8% lágmarks eiginfjárlutfall, 2,5% í verndunarauka af áhættugrunni og 1,25% í sveiflujöfnunarauka á innlendar áhættuskuldbindar, samtals 11,75%.

31. desember 2017 nam heildarlutafé félagsins 5.000 milljónum króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs.

Taflan hér að neðan sýnir eiginfjárgrunn sjóðsins, áhættuvegnar eignir og eiginfjárlutfall sjóðsins í árslok.

	31.12.2017	31.12.2016
Eiginfjárgrunnur		
Hlutfé	5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður	1.250.000.000	1.250.000.000
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting	0	24.171.094
Óráðstafað eigið fé	11.208.517.778	10.898.155.768
Eiginfjárgrunnur samtals	17.458.517.778	17.172.326.862

Áhættugrunnur

Útlánaáhætta	15.730.519.504	17.928.927.160
Markaðsáhætta	479.376.516	472.165.997
Rekstraráhætta	1.797.857.143	1.750.141.402
Áhættugrunnur samtals	18.007.753.162	20.151.234.559

Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall	97%	85%
------------------------	-----	-----

Á meðal óráðstafaðs eigin fjár er sérliður vegna bundinna óinnleysta gangvirðisbreytinga sem kemur til vegna breytinga í ársreikningalögum nr. 3/2006. Breytingarnar tóku gildi í júní 2016 og fela í sér nýjar kröfur um bindingu eiginfjár vegna óinnleysts gangvirðisbreytinga af fjármálagerningum sem takmarka möguleika til arðgreiðslu. Sjá nánar í eiginfjárfirliti. Enn ríkir nokkur óvissa um túlkun og framkvæmd þessara lagabreytinga og því gæti framsetning í eiginfjárfirliti og skýringum tekið breytingum á næstu misserum.

Vegjið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 97% en var 85% í árslok 2016.

Sjóðurinn metur eiginfjárbörf sína með innramatsferli og skilaði til Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar um á árinu 2017. Innra matsferli sjóðsins á eiginfjárbörf er lykilþáttur í eiginfjár- og áhættustýringu sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið mat skýrslu Lánasjóðsins skv. sérstöku eftirlitsferli (SREP). Niðurstöður matsins voru kynntar Lánasjóðnum og sýna að eiginfjárstaða sjóðsins er vel yfir viðmiðunarmörkum sem sjóðurinn hefur sett sér og einnig vel yfir þeim mörkum sem Fjármálaeftirlitið telur rétt að setja sjóðnum.

25. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar sjóðsins eru skilgreindir sem stjórn, fyrirtæki og stofnanir í eigu sveitarfélaga sem tengjast stjórnarmönnum, framkvæmdastjóri, lykilstarfsmenn og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra. Varamenn í stjórn falla undir skilgreininguna frá þeim tíma sem þeir mæta á stjórnarfund. Sveitarfélög sem eiga virkan eignarhlut sem nemur a.m.k. 10% teljast einnig tengdir aðilar auk fyrirtækja og stofnanna í þeirra eigu.

Breyting á milli ára skýrist af því að 10 stærstu eigendur Lánasjóðsins teljast ekki lengur tengdir aðilar að undanskilyldum þeim aðilum sem fara með virkan eignahlut, þ.e. yfir 10% hlutdeild. Einn hluthafi fer með virkan eignarhlut, sjá skýringu 27. Upplýsingar um fyrirgreiðslu til tengdra aðila eru sem hér segir:

	1.1.-31.12.2017	1.1.-31.12.2016
Staða í ársbyrjun	43.276.090.203	43.440.219.016
Ný lán.....	237.000.000	4.318.636.973
Afborganir lána.....	(848.821.856)	(4.959.688.751)
Aðrar breytingar.....	(32.235.041.176)	476.922.965
Staða í árslok.....	<u>10.429.227.171</u>	<u>43.276.090.203</u>
Vaxtatekjur.....	457.459.425	1.600.662.628
Vaxtagjöld.....	20.184.583	22.483.255

Upplýsingar um laun stjórnenda, sjá skýringu nr. 8.

Gjöld til Sambands íslenskra sveitarfélaga, sjá skýringu nr. 10.

Lánveitingar til tengdra aðila í árslok, sjá skýringu 26.

Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á árinu.

26. Lánveitingar

Hér að neðan er yfirlit yfir stöðu lána allra sveitarfélaga hjá Lánasjóðnum í lok ársins, samtals að fjárhæð 61.480 m.kr. Á næstu síðu er yfirlit yfir lánveitingar til fyrirtækja í eigu sveitarfélaga.

Sveitarfélag	Fjárhæð	Íbúafj.	Sveitarfélag	Fjárhæð	Íbúafj.
Kópavogsbær	7.805	35.246	Langanesbyggð	278	484
Hafnarfjarðarkaupstaður	7.728	28.703	Mýrdalshreppur	273	562
Sveitarfélagið Árborg	5.350	8.471	Reykjavíkurborg	269	123.246
Reykjanesbær	4.783	16.350	Strandabyggð	268	468
Mosfellsbær	3.828	9.783	Djúpavogshreppur	262	452
Fljótshádegja	3.055	3.493	Tálknafjarðarhreppur	237	236
Fjarðabyggð	2.882	4.691	Húnaþing vestra	207	1.174
Sveitarfélagið Skagafjörður	2.578	3.932	Dalabyggð	188	673
Ísafjarðarbær	1.921	3.608	Rangárþing eystra	187	1.752
Garðabær	1.613	15.230	Fjallabyggð	174	2.033
Hveragerðisbær	1.512	2.483	Skaftárhreppur	150	475
Sandgerðisbær	1.466	1.708	Hörgársveit	149	574
Stykkishólmur	1.286	1.168	Breiðdalshreppur	128	182
Borgarbyggð	1.249	3.677	Húnavatnshreppur	112	408
Vesturbyggð	1.145	1.030	Eyjafjarðarsveit	59	1.015
Sveitarfélagið Ölfus	1.103	2.005	Grýtubakkahreppur	50	352
Bolungarvíkurkaupstaður	1.013	908	Kjósarhreppur	41	220
Akraneskaupstaður	964	7.051	Vopnafjarðarhreppur	38	645
Grímsnes- og Grafningshreppur	778	467	Seltjarnarneskaupstaður	32	4.450
Norðurþing	746	2.963	Reykholahreppur	29	282
Grundarfjarðarbær	700	869	Sveitarfélagið Hornafjörður	27	2.187
Snæfellsbær	668	1.625	Hvalfjarðarsveit	24	636
Blönduós	612	866	Skútustaðahreppur	21	425
Dalvíkurbyggð	564	1.831	Skagabyggð	19	101
Rangárþing ytra	536	1.537	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	19	594
Hrunamannahreppur	512	773	Súðavíkurhreppur	17	186
Akureyrarkaupstaður	490	18.488	Flóahreppur	7	648
Bláskógabyggð	350	1.026	Kaldrananeshreppur	7	106
Sveitarfélagið Vogar	340	1.206	Tjörneshreppur	3	59
Þingeyjarsveit	325	915	Árneshreppur	3	46
Seyðisfjarðarkaupstaður	299	650			

26. Lánveitingar (framhald)

Hér að neðan er yfirlit yfir stöðu lána hjá Lánasjóðnum til fyrirtækja sem eru 100% í eigu sveitarfélaga í lok ársins, samtals að fjárhæð 12.086 m.kr.

Fyrirtæki í eigu sveitarfélaga	Fjárhæð	Fyrirtæki í eigu sveitarfélaga	Fjárhæð
Félagsbústaðir hf.	5.303	Byggðasafnið í Skógum	103
Orkuveita Reykjavíkur	913	Félagsþjónusta A-Hún bs.	60
Reykjaneshöfn	905	Skagafjarðarveitur	52
Fallorka ehf.	627	Jeratún ehf.	48
Norðurá bs.	445	Bolungarvíkurhöfn	33
Brunavarnir Árnessýslu	410	Hrunaljós	30
Hafnarsjóður Norðurlands	349	Fasteignir Húnavatnshrepps	30
Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili	294	Þorlákshafnarhöfn	25
Héraðsnefnd Árneseinga bs.	291	Félags- og skólaþj Snæfellinga	20
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.	290	Hólmavíkurhöfn	17
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.	277	Brunavarnir Austur-Húnavetn.	15
Selfossveitur	272	Listasafn Árneseinga	14
Norðurorka	252	Orkuveita Húsavíkur	11
Fasteignafél. Hveragerðisbæjar	239	Hitav. Húnaþings vestra	10
Dvalarheimilið Kirkjubholl	235	Hitaveita Laugarvatns	5
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	233	Faxaflóahafnir	3
Kjósarveitur ehf.	152	Félags- og skólaþj Rangárv & V Sl	3
SORPA bs.	118	Sorpstöð Héraðs bs.	1

Lánasjóðurinn hefur fengið skriflega heimild frá lántakendum sínum til birtingar upplýsinga um stöðu lána þeirra hjá sjóðnum. Þetta er til þess að geta birt í opinberum gögnum sundurliðaðar upplýsingar um útlán sjóðsins og hvernig þau skiptast á milli sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu. Heimildarinnar var aflað í samræmi við 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

27. Hluthafar

Hluthafar sjóðsins eru 74, en hann er í eigu allra sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Hér að neðan má sjá sundurliðun allra hluthafa sjóðsins.

Sveitarfélag	Eignarhl. í %	Sveitarfélag	Eignarhl. í %
Akrahreppur	0,08%	Kópavogsbær	5,52%
Akraneskaupstaður	2,41%	Langesbyggð	0,54%
Akureyrarkaupstaður	5,49%	Mosfellsbær	1,49%
Árneshreppur	0,04%	Mýrdalshreppur	0,37%
Ásahreppur	0,04%	Norðurþing	2,22%
Bláskógabyggð	0,63%	Rangárþing eystra	1,67%
Blönduósbær	1,47%	Rangárþing ytra	1,72%
Bolungarvíkurkaupstaður	0,83%	Reykholahreppur	0,30%
Borgarbyggð	1,78%	Reykjanesbær	3,03%
Borgarfjarðarhreppur	0,09%	Reykjavíkurborg	17,47%
Breiðdalshreppur	0,35%	Sandgerðisbær	0,63%
Dalabyggð	0,61%	Seltjarnarneskaupstaður	1,16%
Dalvíkurbyggð	1,35%	Seyðisfjarðarkaupstaður	0,98%
Djúpavogshreppur	0,33%	Skaftárhreppur	0,38%
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,05%	Skagabyggð	0,03%
Eyjafjarðarsveit	0,37%	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0,37%
Fjallabyggð	2,39%	Skorradalshreppur	0,02%
Fjarðabyggð	3,00%	Skútustaðahreppur	0,21%
Fljótshálfshérað	1,59%	Snæfellsbær	1,77%
Fljótshálfshreppur	0,03%	Strandabyggð	0,45%
Flóahreppur	0,25%	Stykkishólmsbær	1,85%
Garðabær	3,76%	Súðavíkurhreppur	0,30%
Grindavíkurbær	1,09%	Svalbarðarstandahreppur	0,18%
Grímsnes- og Grafningshreppur	0,22%	Svalbarðshreppur	0,08%
Grundarfjarðarbær	0,60%	Sveitarfélagið Árborg	3,05%
Grýtubakkahreppur	0,13%	Sveitarfélagið Garður	0,46%
Hafnarfjarðarkaupstaður	4,25%	Sveitarfélagið Hornafjörður	1,35%
Helgafellssveit	0,02%	Sveitarfélagið Skagafjörður	2,34%
Hrunamannahreppur	0,24%	Sveitarfélagið Skagatrönd	0,29%
Húnavatnshreppur	0,15%	Sveitarfélagið Vogar	0,42%
Húnaþing vestra	0,89%	Sveitarfélagið Ölfus	0,86%
Hvalfjarðarsveit	0,22%	Tálknafjarðarhreppur	0,20%
Hveragerðisbær	0,96%	Tjörneshreppur	0,02%
Hörgársveit	0,17%	Vestmannaeyjabær	5,81%
Ísafjarðarbær	4,15%	Vesturbyggð	1,32%
Kaldrananeshreppur	0,06%	Vopnafjarðarhreppur	0,68%
Kjósárhreppur	0,08%	Þingeyjarsveit	0,34%



Viðauki – Óendurskoðaður

Óendurskoðuð stjórnarháttayfirlýsing

Góðir stjórnarhættir leggja grunn að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, lántakanda, starfsmanna og annara hagsmunaaðila og tryggja vandaða og ábyrga ákvarðanatöku. Stjórn telur að með því að tileinka sér góða stjórnarhætti þá eykur það gagnsæi, heilindi og ábyrgð í stjórnkerfi sjóðsins.

Stjórnarháttayfirlýsing Lánasjóðs sveitarfélaga, byggir á lögum og reglum og viðurkendum leiðbeiningum, eins og þær fram koma í ritinu "Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2015.

Hlutverk Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánaþyrft, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálaþyrft nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Eignarhald

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er í eigu allra sveitarfélaga landsins þar sem Reykjavíkurborg er stærsti hluthafinn með 17,5% hlut. Tíu stærstu hluthafarnir eiga 56% í sjóðnum en samtals eru sveitarfélög landsins, hluthafarnir, 74 talsins. Eignarhlutir í Lánasjóðnum geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í þeirra eigu, samkvæmt lögum um sjóðinn. Eignahlutur hluthafa er óbreyttur milli ára.

Í stjórn sjóðsins sitja fimm aðalmenn og hefur hver og einn þeirra tilgreindan varamann, sem kjörnir eru á aðalfundi sjóðsins. Kynjahlutföll í aðal- og varastjórn eru jöfn.

Stjórnarhættir

Í samræmi við 1.mgr. 54.gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaþyrft þá ber stjórn ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn sjóðsins, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verkefni eru skilgreind. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um boðun stjórnarfundar, lögmæti ályktana, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður og hagsmunatengsl, verksvið gagnvart framkvæmdastjóra og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins (www.lanasjodur.is).

Leiðbeiningarnar hvetja til þess að stjórn skipi sérstaka starfskjaranefnd til að setja sjóðnum starfskjarastefnu og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, um laun og önnur starfskjör. Stjórn Lánasjóðsins ákvað að setja ekki á fót sérstaka starfskjaranefnd í ljósi þess að einungis þrír starfsmenn starfa hjá sjóðnum auk þess sem laun starfsmanna eru tengd við launakjör starfsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Leiðbeiningarnar hvetja til þess að tilnefningarnefnd sé kosin á aðalfundi. Stjórn Lánasjóðsins hefur í mörg ár skipað kjörnefnd sem hefur farið með sama meginhlutverk og tilnefningarnefnd og sett henni starfsreglur. Stjórn skipar kjörnefnd á fyrsta fundi sínum á hverju ári og voru áform um að viðhalda því verklagi kynnt hluthöfum á aðalfundi 2017 og engar athugasemdir gerðar við það fyrirkomulag.

Innra eftirlit og undanþága frá rekstri innri endurskoðunardeildar

Stjórn Lánasjóðsins ber ábyrgð á að til staðar sé virkt innra eftirlit í samræmi við lög og settar reglur. Lánasjóðurinn leggur áherslu á að verklag sé skjalfest, áhættur séu greindar og metnar, eftirlitsaðgerðir skilgreindar til að mæta viðkomandi áhættum og þannig draga úr áhrifum viðkomandi áhættuþátta.

Hjá fjármálaþyrft skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun skv. lögum um fjármálaþyrft nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþáguheimild með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar. Lánasjóðurinn hefur fengið slíka undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skal fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnar. Stjórn Lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. Ernst & Young ehf. er innri endurskoðandi Lánasjóðsins.

Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd til að vera sér innan handar varðandi eftirlit með vinnuferlum reikningsskila, endurskoðunar, áhættustýringar og innra eftirlits.

Áhættustýring og áhættunefnd

Stjórn ber ábyrgð á áhættustefnu Lánasjóðsins og skilgreinir áhættuvilja. Stjórn Lánasjóðsins samþykkir reglur um framkvæmd áhættustýringar, hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt og tryggir að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánasjóðsins gagnvart stjórninni.

Sem lánaþyrft stendur Lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að sjá til þess að áhætta sé metin, henni stýrt og haldið innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustýrnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi undir öllum kringumstæðum af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans.

Það eru tvær grundvallareglur sem hafðar eru í heiðri í rekstri sjóðsins í þeim tilgangi að lágmarka áhættu í daglegum rekstri hans: útlán eru veitt með sama hætti og lántökur (þörun útlána) og lánsloforð eru ekki gefin nema fjármögnun liggi fyrir. Með því að fara eftir þessum reglum í daglegum störfum eru líkur lágmarkaðar á að illa fari þegar fjármálakrísur ganga yfir.

Ársfjórðungslega útbýr áhættustýring sjóðsins skýrslu til stjórnar og kynnis á stjórnarfundi, þar sem farið er yfir helstu áhættuþætti og stöðu þeirra samanborið við áhættustefnu sjóðsins. Lánasjóðurinn fer árlega í gegnum innra matsferli í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki til að meta eiginfjárför sjóðsins og styrkja tengsl áhættumats sjóðsins og áhættustýringu. Innra matsskýrslan (e. ICAAP) er kynnt og samþykkt af stjórn sjóðsins áður en hún er send til Fjármálaeftirlitsins.

Lánasjóðurinn ber samkvæmt 78. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 að starfrækja áhættunefnd, sem ber að sinna ráðgjafa- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn er varðar mótun áhættustefnu og áhættuvilja. Sökum smæðar sjóðsins var sótt um undanþágu frá starfrækslu áhættunefndar í samræmi við 5. mgr. 78. gr. Slík undanþága var veitt af Fjármálaeftirlitinu með bréfi dags. 23. desember 2015 og skilgreint að starfsskyldur áhættunefndar yrðu yfirfærðar á stjórn Lánasjóðsins.

Ytri endurskoðun og reikningsskil

Í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir Lánasjóðsins þá er endurskoðunarfélag fyrirtækisins kosið á aðalfundi. Endurskoðunarfélag sjóðsins skal jafnan hafa aðgang að öllum gögnum og skjölum félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Í samræmi við fyrrnefnd lög er ákvæði sem kveður á um að ráðningartími endurskoðenda hjá fjármálafyrirtækjum sé 5 ár í senn. Að þeim 5 árum liðnum má ekki kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki að nýju. Á aðalfundi sjóðsins þann 17. apríl 2015 var PricewaterhouseCoopers ehf. (PWC) kosið endurskoðunarfélag Lánasjóðsins og endurskoðandi er Arna Guðrún Tryggvadóttir. Sjóðurinn gerir uppgjör sín samkvæmt IFRS alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og birtir þær upplýsingar sem krafist er í samræmi við þá staðla.

Gildi sjóðsins og siðareglur


Stjórn hefur sett starfsmönnum sjóðsins siðareglur. Þar segir að starfsmenn Lánasjóðsins eigi að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna Lánasjóðsins í hvívetna. Þá eru starfsmenn sjóðsins í störfum sínum bundnir af lögum, reglum og samþykktum Lánasjóðsins. Starfsmenn sjóðsins eru einnig meðvitaðir um þá samfélagslegu ábyrgð sem sjóðurinn hefur að gegna og starfa í samræmi við það. Starfsmenn Lánasjóðsins hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og að framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórnun og rekstur Lánasjóðsins.

Stjórn Lánasjóðsins mótar stefnu og hefur eftirlit með rekstri Lánasjóðsins. Starfsmenn Lánasjóðsins gæta þess að framkvæmd stjórnsýslu og rekstrar Lánasjóðsins sé ávallt eins og best verður á kosið.

Stjórn hefur sett sér starfsreglur þar sem fram kemur að stjórnarmenn skuli afla sér þekkingar á helstu þáttum í starfsemi Lánasjóðsins, fjárhagslegri uppbyggingu hans og helstu áhættum. Þeir skulu jafnframt kynna sér ákvæði laga um Lánasjóðinn, laga um fjármálafyrirtæki, laga um hlutafélög og laga um verðbréfavíðskipti eftir því sem við á, og reglur sem settar eru á grundvelli þessara laga og geta varðað rekstur Lánasjóðsins. Sama gildir um leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins.

Stjórnskipulag Lánasjóðsins

Helstu einingar í stjórnskipulagi Lánasjóðsins eru stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins. Þá hefur stjórn skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og kjörnefnd sem kemur með tillögu að uppstillingu stjórnar fyrir aðalfundi ár hvert. Starfsreglur stjórnar, endurskoðunarnefndar og kjörnefndar er að finna á heimasíðu sjóðsins (www.lanasjodur.is).



Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í samræmi við samþykktir Lánasjóðsins fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum hans innan þeirra marka sem landslög og samþykktir sjóðsins ákveða.

Stjórn Lánasjóðsins boðar til hluthafafunda og getur ákveðið hvar þeir skuli haldnir. Til hluthafafunda skal boða með skemmst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Aðalfund á að auglýsa á sama hátt með tveggja vikna fyrirvara og skal boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmíðla á aðalfund. Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðsins

Stjórn Lánasjóðsins hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins á milli hluthafafunda. Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun sjóðsins og stærri ákvörðunum á milli hluthafafunda sem m.a. eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Hún hefur eftirlit með öllum rekstri sjóðsins og fylgir því eftir að starfsemi sé að jafnaði í réttu og góðu horfi. Hún tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna sjóðsins og góð regla sé á uppgjöri sjóðsins.

Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á daglegum rekstri sjóðsins samkvæmt stefnu og ákvörðun stjórnar. Þá ber framkvæmdastjóri ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfsemi sjóðsins fylgja. Lagarammi Lánasjóðsins gerir einnig kröfu um hæfi framkvæmdastjóra en hann þarf að gangast undir sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins hefur staðist framangreint hæfismat.

Í stjórn sjóðsins sitja fimm aðalmenn og hefur hver og einn þeirra tilgreindan varamann. Þá starfa 3 starfsmenn hjá sjóðnum og þar af einn framkvæmdastjóri sem einnig situr stjórnarfundum sjóðsins. Á árinu 2017 voru haldnir 14 stjórnarfundir og 7 fundir í endurskoðunarnefnd. Efirfarandi er yfirlit yfir fundarsetu í stjórn og endurskoðunarnefnd sjóðsins á síðasta ári:

Stjórnarmaður	Tímabil	Stjórn	Endurskoðunar - nefnd
Magnús B. Jónsson	1.jan. - 31.des.	14	-
Kristinn Jónasson	1.jan. - 31.des.	14	-
Elliði Vignisson	1.jan. - 31.des.	13	-
Helga Benediktsdóttir	1.jan. - 31.des.	14	7
Eydís Ásbjörnsdóttir	1.jan.- 24. mar	3	
Arna Lára Jónsdóttir	24.mar. - 31.des	11	-
Birgir Blöndal	1.jan. - 31.des.	-	7
Anna Skúladóttir	1.jan. - 30. júní	-	1
Rut Steinsen	1.júlí - 31.des.	-	7
Kristín M. Birgisdóttir varamaður í stjórn	20. júní	1	

Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins

Óttar Guðjónsson hefur verið framkvæmdastjóri sjóðsins frá því haustið 2008. Óttar hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu 1992 og hefur m.a. starfað á Íslandi hjá Íslandsbanka, Kaupþingi, Landsbréfum og á Englandi hjá SEB og Raphael&Sons. Óttar er með MSc í fjármálum frá London Business School og MSc og BSc í hagfræði frá Háskóla Íslands.



Stjórn Lánasjóðsins

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi sjóðsins sem fram fór á Grand Hótel þann 23. mars 2017 og hana skipa:

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður

Magnús hefur setið sem formaður stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2003. Hann er núverandi sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar og hefur starfað sem slíkur frá árinu 1990. Þess fyrir utan situr hann í margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum. Varamaður Magnúsar í stjórn er Ólafur Þ. Ólafsson, bæjarstjórn Sandgerðisbæjar.

Kristinn Jónasson, varaformaður stjórnar

Kristinn hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 1999 og þar af sem varaformaður frá árinu 2005. Kristinn er rekstrarfræðingur frá Háskólanum á Bifröst og er núverandi bæjarstjóri Snæfellsbæjar. Hann hefur starfað sem bæjarstjóri frá árinu 1998 og situr þar að auki í margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum. Varamaður Kristins í stjórn er Einar B. Einarsson, bæjarstjórn Hafnarfjarðar.



Elliði Vignisson, aðalmaður í stjórn

Elliði hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2010. Elliði er bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar og hefur starfað sem slíkur frá árinu 2006. Elliði er menntaður sálfræðingur frá Háskóla Íslands auk þess sem hann hefur kennsluréttindi og meistaraþróf í klínískri sálfræði frá University of Copenhagen. Þar fyrir utan situr hann í margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum. Varamaður Elliða í stjórn er Kristín M. Birgisdóttir, bæjarstjórn Grindavíkurbæjar.

Helga Benediktsdóttir, aðalmaður í stjórn og formaður endurskoðunarnefndar Lánasjóðsins

Helga hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2012 og sem formaður endurskoðunarnefndar sjóðsins frá maí 2013. Hún starfar sem deildarstjóri fjárféringardeildar innan fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar og hefur starfað sem slík frá árinu 2012. Þar áður var hún framkvæmdastjóri viðskiptaþjónustu og innri málefna Teris á árunum 2006-2011. Helga er menntaður viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur auk þess lokið ýmsum námskeiðum frá Endurmenntunardeild Háskóla Íslands á sviði viðskiptafræða. Varamaður Helgu í stjórn er Elín Einarsdóttir, sveitarstjórn Mýrdalshrepps.

Arna Lára Jónsdóttir, aðalmaður í stjórn

Arna Lára var kosin í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga á aðalfundi árið 2017. Hún hefur verið bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ frá árinu 2006, í bæjarráði frá 2010 og formaður þess frá árinu 2014. Arna Lára var varaþingkona fyrir Samfylkinguna í Norðvesturkjördæmi 2009-2013. Arna Lára hefur starfað hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands frá árinu 2007. Hún hefur B.A. gráðu í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands, var skiptinemi við Copenhagen Business School og stundaði meistaranám í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði við Háskóla Íslands.

Varamaður Örnú Lára í stjórn er Eyrún I. Sigþórsdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri Tálknafirði.

Endurskoðunarnefnd Lánasjóðsins

Endurskoðunarnefnd sjóðsins var skipuð af stjórn sjóðsins á stjórnarfundum þann 24. mars 2017 en hana skipa:

Helga Benediktsdóttir, formaður, deildarstjóri fjárfestingardeildar Reykjavíkurborgar

Birgir L. Blöndal, nefndarmaður, fyrrverandi lánastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga.

Rut Steinsen, nefndarmaður, viðskiptafr. af endurskoðunarsviði og fyrrv. lánastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga.

Endurskoðunarnefnd Lánasjóðsins starfar í samræmi við 108.gr. laga um ársreikninga. Stjórn hefur sett henni starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
- Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu
- Hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings
- Meta óhæði endurskoðenda og hafa eftirlit með öðrum störfum hans
- Setja fram tillögu til stjórnar um val endurskoðanda

Kjörnefnd Lánasjóðsins

Kjörnefnd Lánasjóðsins á árinu 2018 var skipuð af stjórn á stjórnarfundum 31. janúar 2018. Kjörnefnd skipa:

Erling Ásgeirsson, formaður, bæjarfulltrúi Garðabæjar

Heiða Björk Hilmisdóttir, nefndarmaður, borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar

Ísólfur Gylfi Pálmason, nefndarmaður, sveitarstjóri Rangárbæjar eystra

Stjórn hefur sett kjörnefnd starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint.

Árangursmat stjórnar

Til samræmis við lög um fjármálafyrirtæki skal stjórn árlega endurmeta stjórnarhætti sína með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti og bregðast við með viðeigandi hætti ef þörf er á.

Stjórn Lánasjóðsins hefur metið störf sín út frá „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ og var það mat framkvæmt fyrst á árinu 2013. Matið er svokallað sjálfsmat, þar sem lagðar eru spurningar fyrir stjórnarmenn í tengslum við mat þeirra á eigin störfum eftir forskrift framangreindra leiðbeininga. Niðurstaða matsins verður leiðbeinandi til úrbóta á þeim atriðum sem stjórn þótti ástæða til að endurskoða og er það þáttur í að efla stjórnarhætti sjóðsins. Sjálfsmat stjórnar er framkvæmt á hverju ári.